



1. stjórnarfundur HSV starfsárið 2015-2016. Haldinn á skrifstofu HSV í Vestrahúsinu, fimmtudaginn 11. júní kl. 20.

Mættir eru: Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Birna Jónasdóttir, Ingi Björn Guðnason, Hildur Elísabet Pétursdóttir, Sigurður Erlingsson og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir sem ritaði fundargerð. Auk þess komu inn á fundinn Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ og Ómar Bragi Stefánsson landshlutafulltrúi UMFÍ.

Dagskrá fundar:

1. Stjórn skiptir með sér störfum
 2. Yfirlit yfir starf komandi árs
 3. Undirbúningur vegna landsmóts 50+ 2016
 4. Önnur mál
-
1. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir héraðsþing.
Guðný var kjörin formaður á héraðsþingi. Önnur störf stjórnar skipa:
Varaformaður: Birna Jónasdóttir
Gjaldkeri: Pétur G. Markan
Ritari: Ingi Björn Guðnason
Meðstjórnandi: Hildur Elísabet Pétursdóttir
Varamenn eru: Jóhann Króknes Torfason, Elín Marta Eiríksdóttir og Sigurður Erlingsson
 2. Yfirlit yfir starf komandi árs.
Á komandi starfsári eru nokkur stór verkefni: Formaður kynnr stærstu verkefni HSV næsta vetrar.
 - a. Landsmót 50+ starfið er farið af stað. Undirbúningsnefnd hefur verið skipuð að hluta.
 - b. Undirbúningur fyrir vetrarlandsmót 2017
 - c. Samningagerð við Ísafjarðarbæ vegna nýs samstarfssamnings
 - d. Samningagerð við Ísafjarðarbæ vegna nýs verkefnasamnings
 3. Undirbúningur vegna landsmóts 50+2016.
Á fundinn mættu nýr framkvæmdastjóri UMFÍ, Auður Inga Þorsteinsdóttir og Ómar Bragi Stefánsson landsfulltrúi hjá UMFÍ en hann heldur utan um landsmót UMFÍ. Þau kynna framkvæmd landsmóts 50+ en HSV heldur slíkt mót hér 2016. Farið var yfir skipulagningu framkvæmdastjórnar, verkaskiptingu hennar, helstu fjármögnunarleiðir, keppnisgreinar og mótahaldið sjálft. Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdanefndar frá því fyrr um daginn um að halda mótið 10.-12. júní 2016.
 4. Önnur mál
 - a. Dagskrá í íþróttahúsi. Stjórn mælist til að stundaskrá íþróttahússins á Torfnesi verði endurskoðuð um áramót svo ekki verði eins mikil vinna á haustin við að útbúa stundaskrá.
 - b. Framkvæmdastjóri tilkynnir að HSV hafi fengið kr. 100.000 í styrk úr verkefnasjóði UMFÍ vegna verkefnis um sameiginlegar haustæfingar íþróttafélaga í samstarfi við Sjúkráþjálfun Vestfjarða. Einnig var sótt um styrk í sama sjóð til að efla starf íþróttaskóla HSV á minni stöðunum. Þeirri styrkbeiðni var hafnað.